



Skráðu þig á póstlista
Hafðu samband
Veftré



Leitarvefur sem býður upp á leitir í fjölbreyttum safnkosti bókasafna og efni valinna sérsafna

A- A+



Afgreiðslutími	Söfn og bílar	Gjaldskrá	Börn&unglingar	Þjónusta	Um safnið
----------------	---------------	-----------	----------------	----------	-----------

Forsíða :: Fréttir

Fréttayfirlit

13.09.2013

Teiknismiðja og alþjóðleg teiknisamkeppni fyrir börn 3-14 ára

Borgarbókasafn stendur nú í annað sinn fyrir teiknismiðju í tengslum við alþjóðlegu teiknisamkeppnina Colorful Rights, en samkeppnin byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Smíðjan verður sunnudaginn 15. september í aðalsafni frá kl. 13-17 og er fyrir börn á aldrinum 3-14 ára.

Allur efniskostnaður er í höndum Borgarbókasafns og geta áhugasamir komið allan daginn og teiknað myndir að vild. Kristín Arngrímsdóttir, listamaður og starfsmaður safnsins, verður til leiðbeiningar frá kl. 15-16. **Athugið að foreldrar verða að samþykkja þátttöku sinna barna með því að skrifa undir þáttökuskjal.**

Nánar um teiknisamkeppnina Colorful Rights

Í ár er sérstök áhersla lögð á 32. grein Barnasáttmálans en hún fjallar um rétt barna á vernd gegn arðráni og vinnu sem spillir eða hindrar nám þeirra eða skaðar heilsu þeirra og þroska. Samkvæmt sáttmálanum skulu ríki setja lög um vinnuvernd barna.



Þetta er í tölfta skiptið sem ítölsku samtökin Fondazione Malagutti onlus standa fyrir þessari alþjóðlegu teiknisamkeppni. Tilgangur keppninnar er að vekja athygli á Barnasáttmálanum og réttindum barna almennt. Innan samtakanna er mikið lagt upp úr rétti til tjáningar og er litið á listræna tjáningu sem mikilvæga leið til að vekja athygli á og styrkja réttindi einstaklinganna. Í raun má segja að annar megintilgangur teiknisamkeppninnar sé að styrkja tengsl milli foreldra og barna með umræðum um réttindi barna, vekja athygli á menningu og listum og ekki síst að heiðra listræna tjáningu og sköpun.

Borgarbókasafn sér um að senda myndirnar til Fondazione Malagutti onlus. Tilkynnt verður um vinningshafa 17. nóvember í Mantova á Ítalíu og hlýtur hinn heppni vikudvöl fyrir þrjá í Evrópu. Nánari upplýsingar má finna á: http://www.diritticolori.it/en/xii_edition_13

Samtökin Fondazione Malagutti onlus eru ítölsk samtök sem beita sér fyrir réttindum og velferð barna á margvíslegan hátt. Samtökin reka heimili á Ítalíu fyrir börn sem eru fórnarlömb ofbeldis, vanrækslu og annars konar misnotkunar og eru þau í nánú samstarfi við sambærileg samtök um allan heim.

Til baka

Senda Prenta Senda á Facebook

Borgarbókasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15
101 Reykjavík
Sími: 411 6100
Fax: 411 6159

borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Ábyrgðarmaður heimasíðu: Guðríður Sigurbjörnsdóttir

Aðgengisvottun

Borgarbókasafnið á Facebook
 Borgarbókasafnið á Twitter
 Borgarbókasafnið á Pinterest
 Borgarbókasafnið á YouTube
 Borgarbókasafnið á Goodreads
 Bókvit - Borgarbókasafn unga fólksins

Sérvefir

Reykjavíkurborg
 Artótek
 Bókmenntavefurinn
 Menningarkortið
 Bókmenntaborgin

